



**RBF**  
RANNSÓKNASTOFNUN Í  
BARNA- OG FJÖLSKYLDUVERND



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

# Þjónustukönnun meðal eldra fólks í Fjallabyggð

Styrmir Magnússon og Elísabet Karlsdóttir

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Unnið fyrir Fjallabyggð

Janúar 2014

---

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

ISBN:

Útgáfuár: 2014

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

[www.rbf.is](http://www.rbf.is)

# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>2 Þjónusta fyrir eldra fólk í Fjallabyggð</b> .....	<b>9</b>
<b>3 Aðferðir og framkvæmd</b> .....	<b>11</b>
3.1 Markmið og rannsóknarspurningar.....	11
3.2 Mælitæki.....	11
3.3 Þátttakendur.....	11
3.4 Framkvæmd.....	13
<b>4 Niðurstöður</b> .....	<b>15</b>
4.1 Bakgrunnur þáttakenda.....	15
4.2 Þjónusta sveitarfélags við eldra fólk í Fjallabyggð.....	15
4.3 Hvað má bæta í félagsstarfinu?.....	25
4.4 Húsnæðismál.....	27
4.5 Félagsleg samskipti og lokaorð þáttakenda.....	29
<b>5 Umræður og lokaorð</b> .....	<b>33</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>37</b>
<b>Viðauki A</b> .....	<b>39</b>
<b>Viðauki B</b> .....	<b>49</b>



## Töfluyfirlit

Tafla 1. Yfirlit svörunar og brottfalls í könnun.....	12
Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir búsetu og kyni.....	12
Tafla 3. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir aldri og kyni.....	13
Tafla 4. Bakgrunnur þátttakenda.....	15
Tafla 5. Fjöldi þeirra sem fengu heimsendan mat, voru með heimaþjónustu, heimahjúkrun og öryggishnapp.....	16
Tafla 6. Samsetning heimaþjónustu.....	16
Tafla 7. Hversu vel eða illa þekki þú Hornbrekku/Skálarhlíð þar sem hluti af félagsstarfi aldraðra fer fram.....	17
Tafla 8. Hversu oft sækir þú félagsstarf eldra fólks í Hornbrekku/Skálarhlíð.....	17
Tafla 9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með félagsstarf aldraðra í Hornbrekku/Skálarhlíð.....	18
Tafla 10. Ert þú í Félagi eldri borgara?.....	18
Tafla 11. Hversu oft að jafnaði sækir þú félagsstarf eldri borgara?.....	18
Tafla 12. Áhugi á að sækja vatnsleikfimi og boccia á Ólafsfirði.....	19
Tafla 13. Áhugi fólks á að sækja tiltekna þjónustu/afþreyingu ef slíkt væri í boði á Ólafsfirði/Siglufirði.....	20
Tafla 14. Telur þú að þessi akstursþjónusta gæti orðið til þess að þú mætir frekar í félagsstarf aldraðra í Hornbrekku/Skálarhlíð en þú gerir í dag?.....	22
Tafla 15. Ánægja með þjónustu Fjallabyggðar fyrir eldri borgara.....	22
Tafla 16. Þörf á að auka þjónustu við eldri borgara í Fjallabyggð.....	22
Tafla 17. Þörf á öldungaráði í Fjallabyggð.....	24
Tafla 18. Tíðni heimsókna og símasamband við fjölskyldu og vini.....	29
Tafla 19. Eyðir þú meiri tíma, minni tíma eða jafnlöngum tíma ein(n) og þú vildir?.....	29
Tafla 20. Nýtur þú stuðnings ættingja eða vina við athafnir daglegs lífs?.....	30



## 1 Inngangur

Þessi skýrsla byggir á niðurstöðum rannsóknar sem unnin var meðal allra íbúa 70 ára og eldri í sjálfstæðri búsetu í Fjallabyggð. Niðurstöður hafa þegar verið birtar í MA ritgerð í Félagsráðgjöf (Styrmir Magnússon, 2013) og er hluti af þeim texta sem nýttur er í þessari skýrslu tekin beint upp úr þeirri ritgerð.

Markmiðið með rannsókninni var að kanna viðhorf eldri íbúa til þjónustu sveitarfélagsins sem þeir nýta sér og þörf þeirra fyrir frekari þjónustu. Rannsóknin var unnin fyrir Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd að beiðni Fjallabyggðar. Gagnaöflun fór fram með símakönnun. Hringt var í alla íbúa Fjallabyggðar 70 ára og eldri sem búa í sjálfstæðri búsetu í sveitarfélaginu. Spurt var um heimsendan mat, heimþjónustu, félagsstarf aldraðra, akstursþjónustu, félag eldri borgara, heimahjúkrun, húsnæðismál og félagsleg samskipti. Þá voru íbúar spurðir um þörf fyrir aðra þjónustu. Fjallabyggð er sameinað sveitarfélag Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og því var sérstaklega skoðað hvort munur væri á þjónustu á milli byggðarkjarnanna tveggja.

Rannsóknarspurningarnar eru tvær: 1) Hver eru viðhorf eldri íbúa Fjallabyggðar til þeirrar þjónustu sem veitt er? 2) Hvert er eigið mat íbúa á þörf fyrir frekari þjónustu? Þegar hefur verið skrifuð ein MA ritgerð um niðurstöður rannsóknar (Styrmir Magnússon, 2013).

Sveitarfélagið Fjallabyggð samanstendur af tveimur byggðarkjörnum Ólafsfirði og Siglufirði sem eru aðskildir af Héðinsfirði og sameiningin átti sér stað árið 2006. Helsta afkoma beggja kjarnanna hefur að mestu byggt á sjávarútvegi og þjónustu tengdri honum (Fjallabyggð, e.d.). Tilurð þessarar rannsóknar er að Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 9. mars 2011 að vinna að stefnumótun í þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu (Hafdís Jónsdóttir, 2011). Einn liður í stefnumótuninni fól í sér að gera skoðanakönnun meðal eldri borgara um félagsstarf og húsnæðismál (Hafdís Jónsdóttir, 2013) og var leitað til RBF vegna hennar. Hlutfall eldra fólk í Fjallabyggð hefur farið hækkandi, þannig voru skráðir íbúar 2012 þann 1. janúar 2013 og var þá hlutfall þeirra

sem hafði náð 67 ára aldri orðið 19% íbúa en það var 13% árið 1998. Á sama tíma hafði íbúum í Fjallabyggð fækkað um tæplega 720 íbúa.

Eins og áður hefur komið fram fól Fjallabyggð Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) að vinna rannsóknina. Rannsóknin var unnin af Styrmi Magnússyni og niðurstöður nýttar í MA ritgerð hans í félagsráðgjöf. Ábyrgðarmaður rannsóknar er Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri RBF. RBF hefur áður unnið sambærilega rannsókn fyrir Sveitarfélagið Voga árið 2012 (Erla Karlsdóttir, Elísabet Karlsdóttir og Halldór S. Guðmundsson, 2012). Svipuð rannsókn var einnig gerð í sveitarfélaginu Árborg og niðurstöður birtar í BA ritgerð (Svanhildur Inga Ólafsdóttir, 2011).

Í tengslum við byggingu Héðinsfjarðargangna voru unnar nokkrar rannsóknir á byggðapróun Fjallabyggðar sem voru gefnar út í bók árið 2010 með styrk frá Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar. Mjög lítið annað er til af skriflegum upplýsingum um þjónustu Fjallabyggðar til eldra fólks. Styrmir Magnússon (2013) gerði stefnugreiningu um þjónustuna og verður stuttlega fjallað um niðurstöður þeirrar greiningar hér.

Þessi skýrsla skiptist í 5. kafla, í upphafi er fjallað um þá þjónustu sem í boði er fyrir eldra fólk í Fjallabyggð. Því næst er fjallað um framkvæmd og aðferð rannsóknar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru svo birtar og þeim gerð skil og að lokum er svo umræða og lokaorð sem er nokkurskonar samantekt á efni rannsóknarinnar.



## 2 Þjónusta fyrir eldra fólk í Fjallabyggð

Hér á eftir verður sérstaklega fjallað um þjónustu í Fjallabyggð. Lítið er til af rituðum heimildum um þjónustu Fjallabyggðar en í stefnugreininu sem gerð var og birt er í MA ritgerð ásamt niðurstöðum þessarar rannsóknar (Styrmir Magnússon, 2013) kemur fram að markmið með heimaþjónustu í Fjallabyggð sé að gera fólki kleift að búa sem lengst í heima.

Þjónusta Fjallabyggðar við eldra fólk er í formi heimaþjónustu, heimsendingu matar, félagslegs leiguhúsnæðis og félagsstarfs aldraða sem og akstursþjónustu.

**Heimaþjónusta** felur í sér aðstoð við heimilishald og að sinna ýmsum erindum, heimsendingu matar, heimsóknir og samveru. Miðað er við að aðstoðin sé veitt einu sinni í viku, en hægt sé að gera undanþágu á því ef þörf krefur. Sé einungis um þrif að ræða miðast þó þjónustan að jafnaði við að þrifið sé aðra hvora viku. Í Fjallabyggð er veittur félagslegur stuðningur til þess að rjúfa félagslega einangrun fólks, félagslegur stuðningur getur einnig fallið í sér aðstoð við matarinnkaup (Styrmir Magnússon, 2013).

**Heimsendur matur** er í boði fyrir lífeyrisþega sem ekki geta eldað sjálfir um lengri eða skemmri tíma. Sækja þarf um þessa þjónustu til Félagsþjónustunnar í Fjallabyggð sem metur þjónustupörfina. Á Ólafsfirði kemur maturinn frá Hornbrekku sem er hjúkrunar- og dvalarheimilið á Ólafsfirði. Á Siglufirði kemur maturinn frá Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar. Á Ólafsfirði er greitt sama verð fyrir matarbakkann hvort sem um er að ræða virka daga eða helgar og kostar matarbakkinn 560 krónur. Á Siglufirði kostar matarbakkinn á virkum dögum 700 krónur en 1.200 krónur á laugardögum og sunnudögum, en sé maturinn keyptur annan daginn þá kostar hann 1.500 krónur. Á báðum stöðum er heimsendingarþjónusta innifalin en hún er ekki í boði um helgar nema fyrir þá sem búa í Skálarhlíð. Notendur verða að nálgast matinn sjálfir um helgar, eða láta sækja fyrir sig (Styrmir Magnússon, 2013).

Fjallabyggð á samtals 64 íbúðir sem leigðar eru út, 46 þessara íbúða eru sérstaklega ætlaðar fólki sem náð hefur 60 ára aldri og öryrkjum. Á Ólafsfirði eru átta íbúðir en á

Siglufirði eru íbúðirnar 38, þar af 30 þjónustuíbúðir í Skálarhlíð en þar er jafnframt rekin dagvist aldraðra. Til að geta sótt um þessar íbúðir þurfa íbúar að vera orðnir 60 ára og uppfylla þau skilyrði að geta búið í sjálfstæðri búsetu. Heimilt er að gera undanþágu frá aldursmörkum ef sérstakar aðstæður mæla með því (Styrmir Magnússon 2013).

**Dagþjónusta aldraðra** er tvískipt í Fjallabyggð og er hún rekin annarsvegar af Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hornbrekku á Ólafsfirði og hinsvegar af Fjallabyggð á Siglufirði. Á Hornbrekku er leyfi fyrir sex dagvistarrými fyrir aldraða sem Fjallabyggð nýtir. Þeir sem nýta dagvistina í Hornbrekku ganga að mestu leyti inn í þá dagskrá sem í boði er fyrir íbúa Hornbrekku. Hafa þeir einnig aðgang að lækni, sjúkraþjálfara, hárgreiðslu og snyrtingu. Á Ólafsfirði er einnig hús eldri borgara sem er um 200m<sup>2</sup> hús sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar byggði og hefur félag eldri borgara nýtt þetta húsnæði undir starf sitt. Engin dagskrá fer þar fram í umsjá Fjallabyggðar heldur sér félagið sjálft um félagsstarfið. Á Siglufirði fer dagvist aldraðra fram í Skálarhlíð en þar starfar forstöðumaður í 30% stöðu tengt þjónustuíbúðunum og í 70% tengt dagþjónustu aldraðra. Auk forstöðumanns eru þrír starfsmenn, einn í 50% stöðu í dagþjónustu aldraðra og einn í 50% stöðu í Skálarhlíð við þrif og annað og sá þriðji í rúmlega 50% stöðu við heimilishjálp. Tvisvar í viku er boðið upp á bæjarferðir fyrir aldraða á Siglufirði og nýta íbúar í Skálarhlíð sérstaklega þessa þjónustu og einn úr bænum. Tilgangurinn með bæjarferðunum er að fólkið finni fyrir sjálfstæði sínu með því að það geti sinnt erindum, verslað, farið í bankann og fleira. Yfirleitt er svo endað á kaffihúsi (Styrmir Magnússon, 2013). Markmið dagsþjónustu í Skálarhlíð er að bjóða upp á gott og heilsueflandi félagsstarf þar sem starfsmenn og gestir móta saman starfsemi sem stuðlar að því að rjúfa einangrun fólks og efla þau til þátttöku. Í félagsstarfið eru allir velkomnir hvort sem þeir eru skráðir í dagþjónustuna eða ekki (Fjallabyggð - Dagþjónusta aldraðra, e.d.-a).

Í samþykkt um stjórn Fjallabyggðar sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar þann 20. júní 2013 og breytt 9. október 2013 kemur fram að sveitarfélagið miði að því að upplýsa og virkja íbúa til ákvarðantöku og stefnumótunar í Fjallabyggð. Þannig vilji þeir stuðla að íbúalýðræði og sátt um stefnumótun og ákvarðanir. Samþykktin bíður staðfestingar ráðuneytis þegar þessi orð eru rituð (Fjallabyggð, 2013).

### 3 Aðferðir og framkvæmd

Hér á eftir verður fjallað aðferðarfræði rannsókna.

#### 3.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmiðið með rannsókninni var að kanna viðhorf þeirra sem náð hafa 70 ára aldri og búa í sjálfstæðri búsetu í Fjallabyggð til þjónustunnar sem þeir þiggja og hvort þeir telji þörf á frekari þjónustu í Fjallabyggð. Rannsóknarspurningar eru tvær: 1) Hver eru viðhorf eldri íbúa Fjallabyggðar til þeirrar þjónustu sem veitt er? 2) Hvert er eigið mat íbúa á þörf fyrir frekari þjónustu? Eins og áður hefur komið fram er rannsóknin umbeðin af Sveitarstjórn Fjallabyggðar sem stefnir á að nota niðurstöður hennar til stefnumótunar í málefnum aldraðra í Fjallabyggð.

#### 3.2 Mælitæki

Mælitæki könnunarinnar er spurningalisti með 52 spurningum (sjá viðauka A) sem var upprunalega notaður við sambærilega könnun sem RBF framkvæmdi fyrir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga á Vatnsleysuströnd sumarið 2012 (Erla Karlsdóttir o.fl., 2012). Spurningarnar voru aðlagðar að Fjallabyggð og nokkrar spurningar voru fjarlægðar og aðrar settar inn. Þá þurfti að aðlaga spurningalistann að því að tveir byggðakjarnar eru í sveitarfélaginu. Spurningalistinn skiptist í 8 flokka, heimsendur matur, heimaþjónusta, félagsstarf aldraðra Hornbrekku/Skálarhlíð, akstursþjónusta, félag eldri borgara, heimahjúkrun, húsnæðismál og félagsleg samskipti. Þá eru í lokin bakgrunnsspurningar svo sem aldur, búseta ofl.. Flestar spurningarnar voru lokaðar og sneru að þeirri þjónustu sem þátttakendur nýttu sér nú þegar, eða þörf þeirra fyrir þjónustu. Einnig voru fjórar opnar spurningar í könnunni þar sem þátttakendur gátu komið með ábendingar eða athugasemdir um þjónustuna í Fjallabyggð.

#### 3.3 Þátttakendur

Unnið var með þýði í rannsókninni, sem innihélt nöfn allra 70 ára eða eldri sem búa í sjálfstæðri búsetu í Fjallabyggð. Á listanum voru upprunalega 324 einstaklingar. Við nánari skoðun kom í ljós að 25 af þeim bjuggu á heilbrigðisstofnun, dvalar- og

hjúkrunarrými eða á sambýli, þá var einn látinn. Þýðistalan lækkaði því í 298 einstaklingar sem uppfylltu skilyrðin. Til viðbótar voru 20 einstaklingar sem treystu sér ekki til að taka þátt vegna veikinda eða heilsubreysts og 35 sem ekki náðist í þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Af þeim sem náðist í voru 75 sem sögðust ekki hafa áhuga á því að taka þátt. Þátttakendur í þessari könnun eru því þeir 168 sem svöruðu spurningalistanum.

Eins og sést í töflu 1 var svarhlutfallið tæp 52% af heildarfjölda þýðislista sem fenginn var frá þjóðskrá en sé horft til þeirra sem búa í sjálfstæðri búsetu þá er svarhlutfallið rúmlega 60%.

**Tafla 1. Yfirlit svörunar og brottfalls í könnun**

	Fjöldi	Svarhlutfall þjóðskrárlista	Svarhlutfall meðal þátttakenda
Tók þátt	168	51,9%	60,4%
Neitar að svara	75	23,1%	27,0%
Næst ekki í	35	10,8%	12,6%
Samtals	278	-	100,0%
Heilbrigðisstofnun, dvalar- og hjúkrunarheimili eða sambýli	25	7,7%	
Getur ekki svarað vegna veikinda/heilsufarsbreysts	20	6,2%	
Látinn	1	0,3%	
Alls	324	100,0%	

Skipting þátttakenda milli byggðakjarna var að 74 þátttakendur (44%) búa á Ólafsfirði, 36 karlar og 38 konur. Á Siglufirði voru 94 þátttakendur (56%), 35 karlar og 59 konur. Hlutfallið á milli kynjanna er mjög svipað á Ólafsfirði en á Siglufirði voru konurnar mun fleiri eða rúmlega 35% þátttakenda í allri könnuninni.

**Tafla 2. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir búsetu og kyni**

	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Alls
Karlar	36 (21,4%)	35 (20,8%)	71 (42,3%)
Konur	38 (22,6%)	59 (35,1%)	97 (57,7%)
Alls	74 (44,0%)	94 (56,0%)	168 (100,0%)

Meðalaldur þátttakenda var 77,13 ár. Eins og sjá má í töflu 3 þá voru flestir á aldrinum 70-79 ára eða 68,5% þátttakenda. Í báðum aldurshópum voru konur fjölmennari, tæp 55% í yngri hópnum og rúm 64% í eldri hópnum. Konur voru tæplega 58% svarenda sem er ögn hærra hlutfall en heildarhlutfall kvenna í þjóðskrárlistanum, þar sem það er rétt tæp 55%.

**Tafla 3. Fjöldi og hlutfall þátttakenda eftir aldri og kyni**

	70-79 ára	80 ára og eldri	Alls
<b>Karlar</b>	52 (45,2%)	19 (35,8%)	71 (42,3%)
<b>Konur</b>	63 (54,8%)	34 (64,2%)	97 (57,7%)
<b>Alls</b>	115 (100,0%)	53 (100,0%)	168 (100,0%)

### 3.4 Framkvæmd

Undirbúningur að rannsókninni hófst 23. september árið 2013, en þá var hafist handa við að fá tölulegar upplýsingar um byggðapróun í Fjallabyggð og hvernig íbúasamsetning hefur þróast þar undanfarin 20 - 30 ár. Einn liður í undirbúningi rannsóknar var heimsókn í Fjallabyggð þann 3. október. Farið var í heimsókn á Hornbrekku í Ólafsfirði og í Skálarhlíð í Siglufirði þar sem forstöðumenn svöruðu spurningum varðandi þá þjónustu sem er í boði fyrir eldri íbúa í Fjallabyggð.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (tilvísun S6443). Kynningarbréf (sjá viðauka B) þar sem rannsóknin var kynnt fyrir þátttakendum var sent til allra íbúa Fjallabyggðar sem voru 70 ára og eldri og bjuggu í sjálfstæðri búsetu. Í bréfinu var könnunin kynnt, hvert væri markmið hennar og greint var frá hverjir stæðu að baki könnuninni. Í bréfinu var óskað eftir þátttöku þeirra en tekið fram að þátttaka væri valfrjáls og að ekki væri hægt að rekja einstök svör til þátttakenda. Þá var fólki heimilt að láta Fjallabyggð vita strax ef það vildi ekki taka þátt. Í bréfinu var gefið upp símanúmer framkvæmdarstjóra RBF ef fólk hefði einhverjar spurningar varðandi könnunina.

Til að flýta fyrir vinnslu könnunarinnar var ráðinn starfsmaður á vegum RBF til að aðstoða við úthringingar. Undirritaður ásamt starfsmanni RBF hringdu í þá 278 einstaklinga sem voru í þýðinu. Með ráðningu starfsmanns var flýtt fyrir því að geta hafist handa við að vinna úr svörum þátttakenda.

Byrjað var að hringja í þátttakendur þann 17. október og lauk því 2. nóvember en þá höfðu 168 samþykkt að taka þátt í könnuninni. Símtölin tóku mikinn tíma, enda ekkert af þessum 168 símtölum sem tóku minna en 10 mínútur, má áætla að meðaltími hvers símtals hafi verið 15-20 mínútur.

## 4 Niðurstöður

Hér er fyrst fjallað um bakgrunn þátttakenda svo sem aldur og hjúskaparstöðu. Niðurstöður eru að því búnu kynntar eftir málaflokkum sem spurt var um. Málaflokkarnir voru heimsendur matur, heimaþjónusta, félagsstarf aldraðra Hornbrekku/Skálarhlíð, akstursþjónusta, félag eldri borgara, heimahjúkrun, húsnæðismál og félagsleg samskipti. Í sumum málaflokkum var boðið upp á að fólk gæti svarað opinni spurningu og niðurstöður þeirra eru kynntar í lok umfjöllunar um hvern málaflokk.

### 4.1 Bakgrunnur þáttakenda

Í töflu 4 má sjá bakgrunn þáttakenda. Niðurstöður sýna að tæplega 70% þáttakenda eru yngri en 80 ára.

Tafla 4. Bakgrunnur þáttakenda

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
70-79 ára	115	68,5%
80 ára og eldri	53	31,5%
Hjúskaparstaða		
Gift/ur eða í sambúð	104	61,9%
Ekkja eða ekill	50	29,8%
Ógift/ur og ekki í sambúð	14	8,3%
Búseta		
Eigin húsnæði	140	83,8%
Leiguhúsnæði	12	7,2%
Þjónustuíbúð í eigu Fjallabyggðar	14	8,4%
Hjá börnum	1	0,6%
Ráðstöfunartekjur heimilis		
0-199 þúsund	25	25,8%
200-299 þúsund	23	23,7%
300 þúsund og hærra	49	50,5%

### 4.2 Þjónusta sveitarfélags við eldra fólk í Fjallabyggð

Í könnuninni var spurt um hvort fólk væri að þiggja þjónustu sem væri í boði í Fjallabyggð, bæði var spurt um þjónustu á vegum Fjallabyggðar og eins um heimahjúkrun sem er á vegum ríkisins. Í töflu 5 má sjá hvaða þjónustu fólk var að þiggja heim til sín og hvernig hún skiptist. Meðal þátttakenda voru 35% þátttakenda sem fengu

heimþjónustu. Rúmlega 14% sögðust vera með öryggishnapp. Heimahjúkrun fengu 11%, og heimsendan mat fengu tæp 10% þátttakenda. Þeir sem fengu heimþjónustu voru einnig spurðir hversu oft að jafnaði sú þjónusta væri veitt og svöruðu 62% af þeim 58 sem fengu heimþjónustu að hún væri hálfsmánaðarlega eða sjaldnar. Vikulega heimþjónustu fengu 38%.

**Tafla 5. Fjöldi þeirra sem fengu heimsendan mat, voru með heimþjónustu, heimahjúkrun og öryggishnapp**

Þjónusta	Já	Nei	Alls
Heimsendur matur	16 (9,6%)	151 (90,4%)	167 (100%)
Heimþjónusta	58 (34,5%)	110 (65,5%)	168 (100%)
Heimahjúkrun	18 (10,7%)	150 (89,3%)	168 (100%)
Öryggishnappur	24 (14,3%)	144 (85,7%)	168 (100%)

Rúmlega 64% af þeim 16 sem fá heimsendan mat voru mjög eða frekar ánægð með matinn, rúmlega 14% svöruðu hvorki né og rúmlega 21% sögðust vera frekar eða mjög óánægð með matinn. Fjórir komu með athugasemdir við matinn. Athugasemdir þeirra voru eftirfarandi: Maturinn sé ekki nógu næringarmikill, of mikið af steiktum mat, ekki gott hráefni og að maturinn væri tilbreytingarlítill.

Eins og sést á töflu 6 felst heimþjónustan í rétt tæplega 88% tilfella í þrifum. Tveir sögðust fá aðstoð við þrif og innkaup. Fimm voru með aðra samsetningu á heimþjónustu og var sú þjónusta þá við akstur, spjall og við að skipta á rúmum.

**Tafla 6. Samsetning heimþjónustu**

	Fjöldi	Hlutfall
Þrif	51	87,9%
Þrif og innkaup	2	3,4%
Önnur samsetning þjónustu	5	8,6%

Þegar spurt var um ánægju með heimþjónustu sögðust nær allir vera ánægðir með heimþjónustuna. Spurt var hvort þeir sem fengu mat frá Fjallabyggð í hádeginu myndu vilja mat um helgar ef það væri í boði og svöruðu sjö einstaklingar því játandi.



Á Ólafsfirði voru 10 sem sögðust fá heimahjúkrun og 8 á Siglufirði. Af þeim 18 sem fá heimahjúkrun sögðust 14 vera mjög ánægðir með heimahjúkrunina sem þeir fengu, fjórir svöruðu ekki spurningunni.

Spurt var um félagsstarf aldraðra í Fjallabyggð, hversu vel fólk þekkti til þess, hversu mikið það tæki þátt í því og hversu ánægt það væri með félagsstarfið sem í boði væri í Fjallabyggð. Við úrvinnslu spurninganna var tekið mið að því hvort fólk byggði á Ólafsfirði eða Siglufirði. Í töflu 7 má sjá að rúmlega 70% Ólafsfirðinga þekktu mjög eða frekar vel til Hornbrekku. Tæplega 65% Siglufirðinga sögðust þekkja mjög eða frekar vel til Skálarhlíðar.

**Tafla 7. Hversu vel eða illa þekki þú Hornbrekku/Skálarhlíð þar sem hluti af félagsstarfi aldraðra fer fram**

	Ólafsfjörður Hornbrekka	Siglufjörður Skálarhlíð
Mjög eða frekar vel	50 (70,4%)	59 (64,8%)
Hvorki né	3 (4,2%)	4 (4,4%)
Frekar eða mjög illa	18 (25,4%)	15 (16,5%)
Ég bý þar	-	13 (14,3%)
Alls	71 (100%)	91 (100%)

Þó nokkur munur var þó á hversu oft fólk tók þátt í félagsstarfinu í Hornbrekku og Skálarhlíð eins og sjá má á töflu 8, en þeir sem tóku þátt í félagsstarfinu í Hornbrekku vikulega eða oftár voru tæplega 6%. Nokkuð fleiri tóku þátt vikulega eða oftár í Skálarhlíð eða tæplega 18%. Mun meiri þátttaka virðist vera í félagsstarfinu í Skálarhlíð en í Hornbrekku.

**Tafla 8. Hversu oft sækir þú félagsstarf eldra fólks í Hornbrekku/Skálarhlíð**

	Ólafsfjörður Hornbrekka	Siglufjörður Skálarhlíð
Vikulega eða oftár	4 (5,8%)	16 (17,8%)
2-3 í mánuði	9 (13,0%)	15 (16,7%)
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	56 (81,2%)	59 (65,6%)
Alls	69 (100%)	90 (100%)

Eins og sjá má á töflu 9 eru rétt yfir 38% mjög ánægð með félagsstarfið í Hornbrekku á meðan 66% eru mjög ánægð með félagsstarfið í Skálarhlíð. Séu hinsvegar svörin sett saman hjá þeim sem eru mjög og frekar ánægð með félagsstarfið minnkar munurinn. Tæplega 82% eru frekar eða mjög ánægð með félagsstarfið í Hornbrekku á meðan rúmlega 87% eru ánægð með félagsstarfið í Skálarhlíð.

**Tafla 9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með félagsstarf aldraðra í Hornbrekku/Skálarhlíð**

	Hornbrekka	Skálarhlíð
Mjög ánægð/ur	8 (38,1%)	31 (66,0%)
Frekar ánægð/ur	10 (47,6%)	10 (21,3%)
Hvorki né	2 (9,5%)	1 (2,1%)
Frekar óánægð/ur	1 (4,8%)	4 (8,5%)
Mjög óánægð/ur	-	1 (2,1%)
Alls	21 (100,0%)	47 (100,0%)

Bæði á Siglufirði og Ólafsfirði er Félag eldri borgara starfandi. Eins og fram hefur komið fer félagsstarf eldri borgara fram í eigin húsnæði á Ólafsfirði. Á Siglufirði fer starfið fram í Skálarhlíð í samstarfi við dagþjónustuna þar. Þátttakendur voru spurðir þriggja spurninga í tengslum við Félag eldri borgara, fyrst hvort viðkomandi væri í Félagi eldri borgara, sjá töflu 10. Næst var spurt hvaða starfsemi viðkomandi sækir hjá Félagi eldri borgara og þriðja spurningin var hversu oft viðkomandi sækir starf Félags eldri borgara, sjá töflu 11.

**Tafla 10. Ert þú í Félagi eldri borgara?**

	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Alls
Já	33 (44,6%)	48 (51,1%)	81 (48,2%)
Nei	41 (55,4%)	46 (48,9%)	87 (51,8%)
Alls	74 (100,0%)	94 (100,0%)	168 (100,0%)

**Tafla 11. Hversu oft að jafnaði sækir þú félagsstarf eldri borgara?**

	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Alls
Daglega	0 (0%)	3 (6,8%)	3 (4,1%)
Nokkrum sinnum í viku	7 (24,1%)	9 (20,5%)	16 (21,9%)
Einu sinni í viku	12 (41,4%)	6 (13,6%)	18 (24,7%)
2-3 í mánuði	2 (6,9%)	0 (0%)	2 (2,7%)
Einu sinni í mánuði	0 (0%)	13 (29,5%)	13 (17,8%)

<b>Sjaldnar</b>	8 (27,6%)	13 (29,5%)	21 (28,8%)
<b>Alls</b>	29 (100%)	44 (100%)	73 (100%)

Þátttakendur voru spurðir um áhuga þeirra á að sækja tómstundastarf eða afþreyingu ef hún væri í boði reglulega. Spurt var um áhuga á útivist og hreyfingu með hóp, tölvunámskeiði, dansi með undirspili og þjónustu fótaaðgerðafræðings og snyrtifræðings gegn gjaldi. Að lokum var spurt hvort fólk hefði áhuga á því að fá heitan mat í hádeginu í Skálarhlíð eða Hornbrekku gegn gjaldi. Þjónusta fótaaðgerðafræðings og snyrtifræðings er þegar í boði í Skálarhlíð á Siglufirði en ákveðið var að hafa spurningarnar samt með. Þátttakendur á Ólafsfirði fengu tvær spurningar til viðbótar. Í fyrsta lagi spurningu um áhuga á vatnsleikfimi og í öðru lagi spurningu um áhuga á boccia. Á Ólafsfirði er slík þjónusta ekki í boði á vegum Fjallabyggðar. Fram kom í svörum nokkurra þátttakenda að vatnsleikfimi væri í boði á vegum einkaaðila en Fjallabyggð kæmi ekki að þeirri þjónustu og hún væri ekki niðurgreidd. Sjá má niðurstöður um áhuga á vatnsleikfimi og boccia á Ólafsfirði í töflu 12.

**Tafla 12. Áhugi á að sækja vatnsleikfimi og boccia á Ólafsfirði**

	<b>Karl</b>	<b>Kona</b>	<b>Alls</b>
<b>Vatnsleikfimi</b>			
<b>Mjög eða frekar mikinn áhuga</b>	7 (10,3%)	9 (13,2%)	16 (23,5%)
<b>Hvorki mikinn né lítinn áhuga</b>	0 (0%)	3 (4,4%)	3 (4,4%)
<b>Frekar eða mjög lítinn áhuga</b>	29 (52,9%)	20 (29,4%)	19 (72,1)
<b>Boccia</b>			
<b>Mjög eða frekar mikinn áhuga</b>	5 (7,5%)	7 (10,4%)	12 (17,9%)
<b>Hvorki mikinn né lítinn áhuga</b>	0 (0%)	1 (1,5%)	1 (1,5%)
<b>Frekar eða mjög lítinn áhuga</b>	28 (41,8%)	26 (38,8%)	54 (80,6%)

Í töflu 13 má sjá hver áhugi fólks er á að sækja þjónustu/afþreyingu ef hún væri í boði á Ólafsfirði/Siglufirði og eins má bera þar saman svör á milli byggðarkjarna.

Tafla 13. Áhugi fólks á að sækja tiltekna þjónustu/afþreyingu ef slíkt væri í boði á Ólafsfirði/Siglufirði

	Ólafsfjörður			Siglufjörður		
	Karl	Kona	Alls	Karl	Kona	Alls
<b>Útivist og hreyfing</b>						
Mjög eða frekar mikinn áhuga	22 (30,6%)	17 (23,6%)	39 (54,2%)	11 (13,3%)	17 (20,5%)	28 (33,7%)
Hvorki né	1 (1,4%)	3 (4,2%)	4 (5,6%)	0 (0%)	1 (1,2%)	1 (1,2%)
Frekar eða mjög lítinn áhuga	12 (16,7%)	17 (23,6%)	29 (40,3%)	20 (24,1%)	34 (41,0%)	54 (65,1%)
<b>Tölvunámskeið</b>						
Mjög eða frekar mikinn áhuga	15 (21,4%)	19 (27,1%)	34 (48,6%)	13 (14,1%)	23 (25,0%)	36 (39,1%)
Hvorki né	2 (2,9%)	0 (0%)	2 (2,9%)	0 (0%)	1 (1,1%)	1 (1,1%)
Frekar eða mjög lítinn áhuga	16 (22,9%)	18 (25,7%)	34 (48,6%)	22 (23,9%)	33 (35,9%)	55 (59,8%)
<b>Dans með undirspili</b>						
Mjög eða frekar mikinn áhuga	13 (18,1%)	16 (22,2%)	29 (40,3%)	8 (9,0%)	24 (27,0%)	32 (36,0%)
Hvorki né	0 (0%)	3 (4,2%)	3 (4,2%)	1 (1,1%)	4 (4,5%)	5 (5,6%)
Frekar eða mjög lítinn áhuga	22 (30,6%)	18 (25,0%)	40 (55,6%)	25 (28,1%)	27 (30,3%)	52 (58,4%)
<b>Þjónusta fótaðgerðafræðings</b>						
Mjög eða frekar mikinn áhuga	10 (16,7%)	23 (38,3%)	33 (55,0%)	8 (11,4%)	35 (50%)	43 (61,4%)
Hvorki né	3 (5,0%)	0 (0%)	3 (5,0%)	1 (1,4%)	1 (1,4%)	2 (2,9%)
Frekar eða mjög lítinn áhuga	16 (26,7%)	8 (13,3%)	24 (40,0%)	16 (22,9%)	9 (12,9%)	25 (35,7%)
<b>Þjónusta snyrtifræðings</b>						
Mjög eða frekar mikinn áhuga	3 (4,8%)	18 (29,0%)	21 (33,9%)	1 (1,4%)	20 (27,4%)	21 (28,8%)
Hvorki né	2 (3,2%)	3 (4,8%)	5 (8,1%)	1 (1,4%)	4 (5,5%)	5 (6,8%)
Frekar eða mjög lítinn áhuga	25 (40,3%)	11 (17,7%)	36 (58,1%)	25 (34,2%)	22 (30,1%)	47 (64,4%)
<b>Heitur matur í hádeginu á staðnum</b>						
Mjög eða frekar mikinn áhuga	2 (2,8%)	3 (4,2%)	5 (6,9%)	2 (2,2%)	3 (3,3%)	5 (5,4%)
Frekar eða mjög lítinn áhuga	33 (45,8%)	34 (47,2%)	67 (93,1%)	33 (35,9%)	54 (58,7%)	87 (94,6%)

Á Ólafsfirði var mikill áhugi á útivist og hreyfingu og í svörum fólks kom fram að mikið væri um að fólk væri að ganga þar á eigin vegum. Nefndi einn að þörf væri á að bæta við bekkjum til að fólk gæti tyllt sér niður á göngunni, eins var nefnt að bæta þyrfti snjómokstur á göngustígum á veturna til að auðvelda göngu. Á Ólafsfirði voru 39 (54%) einstaklingar sem lýstu yfir áhuga á að taka þátt í útivist og hreyfingu. Á Siglufirði voru 28 einstaklingar eða tæplega 34% af þeim sem svöruðu spurningunni, sem höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á því að sækja útivist og hreyfingu ef hún væri í boði reglulega.

Á Ólafsfirði sögðust 34 (49%) hafa mjög eða frekar mikinn áhuga á tölvunámskeiði. Meðal Siglufirðinga var áhuginn nokkuð minni hlutfallslega en þar voru samtals 36 (39%) sem höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á að sækja slíkt námskeið. Áhugi á dansi með undirspili var nokkur á báðum stöðum, 29 (40%) einstaklingar höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á því á Ólafsfirði og á Siglufirði var hlutfallið svipað eða 36% sem samsvarar 32 einstaklingum.

Meira en helmingur aðspurðra bæði á Ólafsfirði og Siglufirði hafði mjög eða frekar mikinn áhuga fyrir þjónustu fótaaðgerðafræðings. Á Ólafsfirði voru 33 (55%) sem lýstu yfir áhuga á slíkri þjónustu og á Siglufirði voru 43, rúmlega 61%, sem hafði áhuga. Áhugi á þjónustu snyrtifræðings var meðal 21 (34%) svarenda á Ólafsfirði og 21 (29%) á Siglufirði.

Beggja vegna Héðinsfjarðar voru 10 einstaklingar sem sögðust hafa frekar eða mjög mikinn áhuga á því að fá heitan mat í hádeginu í Hornbrekku eða Skálarhlíð, eða 5 á hvorum stað.

Karlar voru mun áhugasamari á Ólafsfirði fyrir því að taka þátt í þjónustu/afþreyingu ef hún væri í boði en karlmenn á Siglufirði, mestur var munurinn þegar spurt var um áhuga á útivist og hreyfingu, en 50% fleiri karlar á Ólafsfirði lýstu yfir áhuga.

Spurt var hvort fólk vissi að því að akstursþjónusta væri í boði í tengslum við félagsstarf aldraðra. Á Ólafsfirði vissu 26 af 74 ekki af þeirri þjónustu, eða 35%. Á Siglufirði vissu 19 af 88 (22%) ekki af þeirri þjónustu. Í framhaldi af þessari spurningu var fólk spurt hvort það myndi telja líklegt að þessi akstursþjónusta gæti orðið til þess að það mætti frekar í

félagsstarf aldraðra í Hornbrekku og Skálarhlíð en það gerði nú þegar. Sjá má í töflu 14 hvernig svörin skiptast.

**Tafla 14. Telur þú að þessi akstursþjónusta gæti orðið til þess að þú mætir frekar í félagsstarf aldraðra í Hornbrekku/Skálarhlíð en þú gerir í dag?**

	Siglufjörður		Ólafsfjörður	
	Tíðni	Hlutfall	Tíðni	Hlutfall
Mjög líklegt	4	4,9%	7	10,3%
Frekar líklegt	3	3,7%	10	14,7%
Hvorki líklegt né ólíklegt	4	4,9%	-	-
Frekar ólíklegt	19	23,5%	16	23,5%
Mjög ólíklegt	46	56,8%	34	50,0%
Nýti hana	-	-	1	1,5%
Bý í Skálarhlíð	5	6,2%	-	-
Alls	81	100,0%	68	100,0%

Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir á heildina litið þeir væru með þá þjónustu sem Fjallabyggð væri að veita eldri borgurum. Í töflu 15 má sjá að mun hærra hlutfall þátttakenda á Siglufirði voru ánægðir með þjónustuna.

**Tafla 15. Ánægja með þjónustu Fjallabyggðar fyrir eldri borgara**

	Ólafsfjörður		Siglufjörður	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Mjög eða frekar ánægð	38	67,9%	64	87,7%
Hvorki ánægð né óánægð	10	17,9%	4	5,5%
Frekar eða mjög ánægð	8	14,3%	5	6,8%
Alls	56	100,0%	73	100,0%

Í töflu 16 má sjá að að íbúar Ólafsfjarðarmegin (73%) töldu mun meiri þörf á að þjónustan yrði aukin en íbúar Siglufjarðarmegin (51%).

**Tafla 16. Þörf á að auka þjónustu við eldri borgara í Fjallabyggð**

	Ólafsfjörður		Siglufjörður	
	Tíðni	Hlutfall	Tíðni	Hlutfall
Mjög eða frekar mikil þörf	33	73,3%	28	50,9%
Hvorki mikil né lítil þörf	6	13,3%	11	20%
Frekar eða mjög lítil þörf	6	13,3%	16	22%

Alls	45	100,0%	55	100,0%
------	----	--------	----	--------

Fólk var beðið að nefna hvaða þjónustu það vildi að Fjallabyggð yki við eldra fólk í Fjallabyggð. Á Ólafsfirði nefndu 10 að það vantaði meiri fjölbreytni í félagsstarf eldri borgara. Var nefnt sem dæmi kennsla í glermálun, handavinnu og föndri og tréútskurði. Einn nefndi að ókeypis væri í sundleikfimi á Siglufirði en samskonar leikfimi væri gegn gjaldi á Ólafsfirði þar sem hún væri á vegum einkaaðila. Ein uppástunga var að það yrði gerður minigolfvöllur.

Fimm nefndu að þeim þætti þjónustan hafa versnað eftir sameiningu og hún væri mikið til veitt á Siglufirði núna og það væri oft erfitt fyrir eldra fólk að komast þangað, eða eins og einn þátttakandinn orðaði það:

Tel að ekki sé jafnræði á milli byggðarkjarna, vantar meiri þjónustu til að hægt sé að nota þá þjónustu sem er til boða á Siglufirði.

Einn nefndi að áður hafi verið sýslumaður og apótek á Ólafsfirði en það sé ekki lengur og fannst einum að bæjarfulltrúar mættu vera í betra sambandi við íbúa. Jafnframt kom fram að auka mætti snjómokstur, garðslátt og garðvinnu hjá eldri borgurum sem eiga erfitt með að sinna því sjálfir.

Sex aðilar komu með athugasemdir varðandi heimaþjónustu og heimahjúkrun og einn þeirra sagði:

Finnst heimahjúkrun ekki nógu góð. Erfitt að fá að fara á Hornbrekku ef eitthvað kemur upp á, ef þar er fullt.

Á Siglufirði nefndu 14 að auka þyrfti við snjómokstur, hann hefði verið minnkaður og hætt væri að moka snjó fyrir eldri borgara. Nokkrir af þeim nefndu að þar skiptu ruðningarnir mestu máli, erfitt væri fyrir eldri borgara að moka þá í burtu. Það þyrfti að moka göngustíga betur svo fólk kæmist betur ferða sinna.

Sú hugmynd kom upp að bærinn myndi taka frá tíma í íþróttahúsinu fyrir eldri borgara á veturna svo þeir gætu nýtt sér það og fengið einhverja hreyfingu. Erfitt væri að komast

að í íþróttahúsinu. Einnig var nefnt af nokkrum að bíllinn sem væri í eigu Skálarhlíðar væri ekki nógu hentugur þar sem hann gæti ekki tekið fólk sem væri hreyfihamlað.

Á báðum stöðum lýsti fólk yfir áhyggjum af þeim sem byggju einir og nefndu að það mætti kíkja oftar við hjá þeim. Suma vanti meira hvatningu til að taka til dæmis þátt í starfi eldri borgara. Fram kom að Rauði krossinn væri með starf sem kallast heimsóknarvinir. Einn nefndi að fylgjast mætti betur með hvort fólk væri á lífi og að fólk ætti auðveldara með að ná í einhverja aðstoð ef eitthvað kæmi upp á. Annar sagði:

Heimaþjónusta mætti kannski vera meiri, hugsanlega að tala við fólk. Hafa rýmri tíma fyrir þá sem þurfa á því að halda.

Nokkrum fannst að auka mætti samstarf við eldri borgara og var nefnt sem dæmi að haldinn yrði opinn fundur bæjaryfirvalda með eldri borgurum. Margir voru ánægðir og sagðist einn þátttakandinn alveg vera til í að fá eina rauðvínsflösku á viku, það væri ljómandi.

Meðal þátttakenda í könnuninni voru tæplega 73% svarenda sem töldu mjög eða frekar mikla þörf á öldungaráði í Fjallabyggð skipað þremur til fimm kjörnum fulltrúum. En hlutverk þess væri að meðal annars að koma að skipulagi félagsstarfs aldraðra og efla samskipti og samvinnu milli eldra fólks í Fjallabyggð. Eins og sjá má í töflu 17 voru íbúar á Ólafsfirði mun áhugasamari um öldungaráð en tæplega 85% þeirra töldu mjög eða frekar mikla þörf á slíku ráði. Á Siglufirði voru rúmlega 63% sem töldu mjög eða frekar mikla þörf á öldungaráði.

**Tafla 17. Þörf á öldungaráði í Fjallabyggð**

	Ólafsfjörður		Siglufjörður	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Mjög eða frekar mikil	44	84,6%	41	63,1%
Hvorki né	1	1,9%	3	4,6%
Frekar eða mjög lítil	7	13,5%	21	32,3%
Alls	52	100,0%	65	100,0%



### 4.3 Hvað má bæta í félagsstarfinu?

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri um það hvernig Fjallabyggð gæti bætt félagsstarfið í Hornbrekku/Skálarhlíð. Til að athugasemdir nýtist sem best er aðgreint hvort þær komu frá Ólafsfirði eða Siglufirði.

Á Ólafsfirði komu athugasemdir sem snéru að dagskrártilboðum í félagsstarfinu í Hornbrekku og fleiru. Kom fólk með hugmyndir að dagskrárliðum og sögðu aðrir að auka mætti starfið og það mætti vera fjölbreyttara. Stungið var upp á að boðið væri upp á dans

...til dæmis lanzy sem er með hægum skiptingum og hentar vel fyrir eldri borgara. Finnst þetta vanta.

Nefndi viðkomandi í sömu andrá að gaman væri að dansa við gömlu þjóðlögin og að boðið væri upp á harmonikuspil. Annar sagðist hafa áhuga á að boðið væri upp á leiðbeiningu við bókband. Tveir nefndu söng og frá einum komu þær hugmyndir...

...að komið sé þarna 2-3 sinnum í viku og sungið - það væri svona fastur punktur í lífinu. Svo er leikfimi og boccia þarna.

Einn nefndi að engin útivera væri í Hornbrekku með starfsmanni og sér fyndist að það ætti að vera. Þegar annar var spurður sagði viðkomandi:

Veit það ekki, þetta er svo fátt fólk, sumt fer fram á Hornbrekku, sumt í húsi eldri borgara, veit ekki hvort hægt sé að bæta það. Ef það væri hægt að koma upp föndurvinnu þá hefði ég áhuga á því.

Einn sagði að æskilegt væri að meira starf væri fyrir fólk þar (Hornbrekku) og að bæjarbúum væri boðið líka. Nokkrir sögðust ekki þekkja starfið í Hornbrekku nógu vel til að geta tjáð sig um það. Tveir sögðu að það vantaði að láta fólk í bæjarfélaginu vita hvað væri í boði, fólk ætti ekki endilega að leita upplýsinga um það sjálft heldur væri einfalt að ljósrita bréf og senda í hús með upplýsingum.

Fimm aðrir einstaklingar nefndu fjárhagslegu hliðina á félagslegu starfi fyrir aldraða í Hornbrekku. Þrír af þessum fimm nefndu einnig að það kostaði í sundleikfimi á Ólafsfirði en sú þjónusta væri ókeypis á Siglufirði og töluðu um að Fjallabyggð ætti að koma að

niðurgreiðslu á því. Draga má saman svör þeirra sem töluðu um muninn á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar í svörum tveggja þátttakenda:

Ekki komið neinn peningur frá Fjallabyggð í eldra starf í Hornbrekku síðan sameining var, það fara peningar í starf á Siglufirði en ekki á Ólafsfirði frá bæjarfélaginu; Vatnsleikfimin ekki niðurgreidd af sveitarfélaginu.

Viljum fá að sitja við sama borð og Siglufirðingar og að fjármagni sem úthlutað er í starf aldara sé jafnt skipt á milli beggja vegna Héðinsfjarðar.

Þá var nefnt að gera ætti fólki kleift að nýta sér þjónustu sveitarfélagsins sama í hvorum byggðakjarnanum væri. Einum viðmælanda fannst að það vantaði að boðið væri upp á akstursþjónustu fyrir þá sem eru að sækja í hús Félags eldri borgara. Tveir nefndu heimsóknir til fólks mættu vera fleiri:

Vildi að það kæmi fólk einu sinni í mánuði að spjalla við mann og athuga með mann.

Á Siglufirði snéru flestar athugasemdirnar um að það væri mikil eftirsjá í leiðbeinanda sem sá um fönðurkennslu í Skálarhlíð. Voru um 20 sem nefndu fönðurkennsluna. Sagði einn sem svaraði þessari spurningu:

Handavinnan var það eina sem var í boði sem sumir nýttu sér og hittu aðra. Margir sem mættu og áttu þar í raun sitt eina samneyti við aðra.

Einnig var nefnt að það vantaði leikfimina sem einu sinni var í Skálarhlíð og að gönguhópurinn hafi veslast upp í seinni tíð. Nokkrir höfðu á orði að lítið væri gert fyrir karlmenn og var stungið upp á að fá leiðbeiningu frá manni út í bæ sem væri lærður tréskurðarmeistari. Sagði einn karlmaðurinn að það „mætti kannski hafa tólmstundir fyrir karla, til dæmis billjardborð“. Eins var stungið upp á að boðið væri upp á lifandi tónlist. Einn sagði að það vantaði að „taka Ólafsfirðingana með“.

Nokkrir komu með tillögur varðandi akstursþjónustu á vegum Fjallabyggðar og kom meðal annars fram að sumt fólk sem byggi heima hjá sér þyrfti aðstoð við að komast í bæinn. Það væri mjög gott ef í boði væri að fólk væri sótt til að fara í félagsstarfið. Það mætti alveg bjóða upp á akstur til dæmis í jarðarfarir og á tónleika. Eins var nefnt að bíllinn sem notaður væri í Skálarhlíð væri ekki þannig búinn að hann gæti tekið fólk sem bundið væri við hjólastól og það gæti því ekki tekið þátt í starfinu þar.

Ljúkum kaflanum með orðum frá einum sem þekkti vel til í Skálarhlíð:

Finnst vanta að bjóða upp á föndur og handavinnu, er allt til staðar. Byggingin ekki nýtt nógu vel. ...Á efstu hæðinni er t.d. fyrirtaks aðstaða fyrir föndur og handavinnu sem er ekki notuð; Finnst hvítleitt að það sé lokaður heitur pottur á sjúkráþjálfunarstöðunni, sagt að það sé of dýrt að láta renna vatn í hann. Í Skálarhlíð er fullbúin hárgreiðslustofa og mér hefur fundist að hægt sé að leigja hana út á ársgrundvelli og nýta þannig plássíð betur.

#### 4.4 Húsnæðismál

Þegar spurt var hversu vel húsnæðið sem fólk byggi í hentaði, sögðust tæp 90% svarenda að það hentaði mjög eða frekar vel, tæp 4% svaraði hvorki vel né illa og 7% sagði að húsnæðið hentaði ekki vel. Bæði á Ólafsfirði og Siglufirði nefndi fólk að húsin þeirra væru stór og á tveimur hæðum, sumir litu á það sem kost og aðrir ókost. Níu (5,8%) áformuðu að skipta um húsnæði á næstu 12 mánuðum. Sögðust sjö af þessum níu að þau hefðu áhuga á að sækja um leiguíbúð á vegum Fjallabyggðar.

Voru þátttakendur spurðir í opinni spurningu hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri varðandi húsnæðismál í Fjallabyggð. Rúmlega 100 manns svöruðu þeirri spurningu og meðal þeirra voru um 50 manns sem nefndu minni íbúðir. Svörum þátttakenda er hér á eftir skipt þannig að sjá megi muninn á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Á Ólafsfirði voru 20 manns sem nefndu að ekki væri nægilegt framboð af litlum leiguíbúðum fyrir eldra fólk. Einn svaraði þegar hann var spurður:

Erfitt að segja, finnst oft að eldra fólk ætti að hafa þann möguleika að geta minnkað við íbúðir.

Bæði voru nefndar þjónustuíbúðir og íbúðir án þjónustu. Var stungið upp á svæði í kringum Hornbrekku sem og svæði kringum hótelið.

Mér fyndist að væri mjög hentugt að væru litlar íbúðir nálægt Hornbrekku svo hægt væri að sækja þjónustu í Hornbrekku. Væri litið inn til fólks og stutt til læknis og svona.

Fyndist að byggja mætti tveggja hæða íbúðir í hring með lyftu. Stór lóð norðan við Hótel.

Nefnt var að ef byggt væri á fleiri en einni hæð þá þyrfti að vera lyfta. Sumir komu með þá uppástungu að þær blokkir sem þegar eru til leigu á vegum Fjallabyggðar þyrftu að vera þannig að önnur væri fyrir eldra fólk meðan hin væri fyrir yngra fólk. Kom einnig upp hjá nokkrum að þær íbúðir sem Fjallabyggð ætti væru ekki nægilega viðhaldið. Ein sagði að „nægilegt húsnæði væri fyrir eldra fólk í rauninni, þyrfti kannski að gera þau hentugri“. Hjá nokkrum komu einnig fram áhyggjur af því að losna við sínar eigin íbúðir til að geta flutt.

Á Siglufirði voru um 30 manns sem nefndu að fólk þyrfti að geta minnkað við sig íbúðir ef það vildi. Hjá nokkrum kom fram að það hefði staðið til í einhvern tíma en ekkert hefði orðið af þeim framkvæmdum.

Fram kom að húsnæði á Hvanneyrarbraut, sem kallað er Gamla bakaríið, hafi verið breytt og hafi það verið góð framkvæmd en meira vanti af slíku húsnæði. Fram komu nokkrar hugmyndir frá fólki hvernig þau sæu lausnina fyrir sér.

Að það séu gerðar þannig íbúðir að það sé svefnherbergi, stofa og lítið herbergi svo hægt sé að leyfa barnabarni að gista. En gamla bakaríið er mjög gott en þeir ættu nú að byggja fleiri íbúðir í Skálarhlíð.

Um 15 nefndu þær íbúðir sem þegar væru í leigu á vegum Fjallabyggðar á Siglufirði, Skálarhlíð og Hvanneyrarbraut. Kom fram í máli þeirra að einstaklingsherbergin í Skálarhlíð væru allt of lítil, hinsvegar væru hjónaherbergin mjög hentug. Einn nefndi að sniðugt væri að byggja yfir svalirnar á íbúðunum í Skálarhlíð og það myndi stækka þær. Fram komu sterkar skoðanir á litlu herbergjunum í Skálarhlíð.

Ef húsnæði væri í boði til leigu myndi ég vera til í að minnka við mig. Litlu íbúðirnar í Skálarhlíð voru skókassi.

Ánægja var með að verið væri að vinna að því að sameina tvær litlar íbúðir í Skálarhlíð í eina stærri. Nefnt var að eftirlitið mætti vera meira á Hvanneyrarbraut, en þar væru átta íbúðir. Eins kom fram að það mætti vera starfsmaður um helgar sem kíkti inn í Skálarhlíð eða væri til staðar. Nefnt var að bæði fyrir utan Skálarhlíð og Hvanneyrarbraut væru bílastæði af skornum skammti og það þyrfti að bæta og sama ætti við um snjóruðning á veturna til að fólk á þessum stöðum væri ekki lokað inni með bíla sína.

Þátttakendur bæði á Ólafsfirði og Siglufirði nefndi að því fyndist viðhaldi á húsnæði í eigu bæjarins vera ábótavant og mætti taka það í gegn. Eins voru nokkrir á báðum stöðum sem nefndu að þeim fyndist að bærinn mætti mæta eldri íbúum Fjallabyggðar á einhvern hátt með skattaívilnunum svo þau gætu búið lengur heima hjá sér.

#### 4.5 Félagsleg samskipti og lokaorð þátttakenda

Þegar fólk var spurt hvernig það kæmist ferða sinna sögðust rúmlega 75% nota eigin bíl og annan ferðamáta. Þeir sem svöruðu að þeir færu gangandi eða hjólandi voru tæp 11%, tæp 7% sögðust fá akstur hjá börnum, ættingjum eða vinum en rúm 7% sögðust fá akstur á vegum Skálarhlíðar/Hornbrekku.

Þátttakendur voru spurðir að því hversu oft þeir fengju eða færu í heimsóknir til barna, ættingja og vina, sjá töflu 18.

Tafla 18. Tíðni heimsókna og símasamband við fjölskyldu og vini

	Daglega	Nokkrum sinnum í viku	Einu sinni í viku	2-3 í mánuði	Einu sinni í mánuði	Sjaldnar
<b>Heimsóknir</b>	53 (31,9%)	56 (33,7%)	16 (9,6%)	14 (8,4%)	5 (3%)	22 (13,3%)
<b>Símasamband</b>	79 (47%)	61 (36,3%)	13 (7,7%)	11 (6,5%)	1 (0,6%)	3 (1,8%)

Niðurstöður sýna að meðal þátttakenda voru rúm 75% sem fóru í heimsóknir eða fengu heimsóknir frá ættingjum og vinum vikulega eða oftar. Einnig var spurt um símasamskipti við börn, ættingja og vini. Sögðust 91% þátttakenda vera í símasambandi vikulega eða oftar.

Spurt var hvort fólk eyddi meiri tíma, minni tíma eða jafnlöngum tíma eitt og það vildi. Mikill meirihluti, eða rétt tæplega 83%, sagðist eyða jafnlöngum tíma eitt og það vildi. Hinsvegar voru rétt rúmlega 12% sem sögðust eyða miklu eða nokkru meiri tíma eitt en það vildi.

Tafla 19. Eyðir þú meiri tíma, minni tíma eða jafnlöngum tíma ein(n) og þú vildir?

	Fjöldi	Hlutfall
--	--------	----------

Miklu meiri tíma	7	4,5%
Nokkru meiri tíma	12	7,6%
Jafnlöngum	130	82,8%
Nokkru meiri tíma	5	3,2%
Miklu minni tíma	3	1,9%
Alls	157	100,0%

Í könnuninni kemur fram að rúm 32% íbúa í Fjallabyggð segjast njóta stuðnings ættingja eða vina við athafnir daglegs lífs.

Tafla 20. Nýtur þú stuðnings ættingja eða vina við athafnir daglegs lífs?

	Ólafsfjörður	Siglufjörður	Alls
Já	26 (35,1%)	28 (30,1%)	54 (32,3%)
Nei	48 (64,9%)	65 (69,9%)	113 (67,7%)
Alls	74 (100%)	93 (100%)	167 (100%)

Að lokum voru þátttakendur spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri. Tíu manns sögðust vera þakklát fyrir allt og að þau hefðu það mjög gott og liði vel. Það sem er athyglisvert er að átta af þessum svörum komu frá Siglufirði og því einungis tvö frá Ólafsfirði.

Ekki nema að ég er bara mjög ánægður með háttan mála hér í Fjallabyggð, eftir því sem ég best veit og held að fólk fái lausn mála eftir því sem það þarf á að halda.

Þakklæti fyrir allt, hvað maður hefur það gott. Þegar maður skuldar ekki neitt þá eru peningarnir drýgri, það munar svo miklu. Bærinn slær lóðina fyrir mann, er rosalega þakklát fyrir það. Þakklát fyrir börnin og vinina.

Þessir sögðust sáttir með lífið og tilveruna og nýttu tækifærið til að koma því á framfæri.

Á Ólafsfirði voru fimm einstaklingar sem fannst að laga þyrfti skattamálin hjá eldri borgurum og voru nokkrir sem nefndu að þeim fyndist að leggja ætti niður fasteignagjöld hjá eldri borgurum. Einn sagði að...

...laga ætti höfuðstól á lánum. Miðað við minn aldur er ég ekki sátt við sameininguna. Mest öll þjónusta flutt til Siglufjarðar, til dæmis apótekið í 30 km fjarlægð.

Það voru einnig nokkrir á Ólafsfirði sem tóku í sama streng og þessi aðili og sögðust sakna apóteksins og að þjónustan hefði sett niður Ólafsfjarðarmegin eftir sameiningu. Yfir 10 manns lýstu yfir óánægju með að þjónustan hefði skerst mikið á Ólafsfirði eftir sameininguna og fannst ekki réttlátt að bara væri skorið niður á Ólafsfirði, einn lýsti því þannig:

Ólafsfjörður eiginlega orðinn svefnbær. Ekki allir sem eiga tök á að sækja þjónustu sem er farin til Siglufjarðar. Það voru skorin niður 5-6 pláss á Hornbrekku vegna samdráttar, það er ekki gott.

Einnig voru nokkrir sem komu með hugmyndir hvernig bæta mætti þjónustu í Ólafsfirði og sagði einn að sniðugt væri til dæmis þjónusta eins og tryggingar væru einn til tvo daga í viku á Ólafsfirði. Annar sagði að miklu máli skipti að opið væri á bæjarskrifstofunni alla virka daga.

Fleiri tillögur og athugasemdir komu frá fólki og sagði einn að gera mætti fleiri bekkir á göngustígana sem hægt væri að tylla sér niður á þegar fólk væri að labba um bæinn. Svo var stungið upp á að það væri ball einu sinni í mánuði, það væri viss leikfimi innifalín í því. Annar sagðist stundum hafa áhuga á einhverju öðru en handavinnu:

Stundum langar mig í eitthvað annað en handavinnu, til dæmis bókaklúbb með konum. Það fyndist mér ægilega gaman.

Einn af þeim sem svöruðu spurningunni á Ólafsfirði var ekki nógu ánægður með siðferðið í kringum bæjarstjórnina:

Ég vil að bæjarstjóri Ólafsfjarðar taki sig á í sambandi við eldri borgara og aðra borgara. Passa að gæta jafnræðis austan og vestan megin. Finnum fyrir því að búið er að færa mikla starfsemi til Siglufjarðar. Þarf að gæta jafnræðis í niðurskurði. Ekki bæjarbúum bjóðandi að stærstu athafnamenn bæjarins séu í bæjarstjórn líka, sitji beggja vegna borðsins... Stór opin svæði í Fjallabyggð sem væri hægt að nýta í

minigolfvöll fyrir unga sem aldna, allt svona finnst mér vanta á austursvæðinu. Sinna skíðasvæðinu á Ólafsfirði mun betur, á að vera löngu búið að malbika þennan spotta upp í fjall. Er mjög skemmtilegt svæði hérna fyrir okkur.

Séu skoðuð svörin á Siglufirði eru þau af aðeins öðrum toga. Þar eru um 10 manns sem nefna að fasteignagjöld og tryggingar séu allt of háar hjá eldri borgurum og nefna að lækka ætti þau eða leggja af. Sumir nefna að eftir ákveðinn aldur ætti að minnka skattinn eða leggja hann af.

Fram kom að fólki fannst að það vantaði heimsendingu úr matvöruverslun á svæðinu og sagði annar að það ætti sérstaklega við á veturna. Sagðist einn svarandi ekki vita hvað væri í boði fyrir eldra fólk og að sækja þyrfti um alla þjónustu sem hann vildi. Það kom fram í máli tveggja að bæta mætti samvistina á milli byggðarkjarna og leggja meiri áherslu á að gera Fjallabyggð í alvöru að einu samfélagi. Sagði einn að bæjaryfirvöld mættu mæta á fund hjá eldri borgurum og leyfum við honum að eiga lokaorðin í þessum kafla.

Að auka samband stjórnenda Fjallabyggðar við eldri borgara. Halda fund fyrir eldri borgara eða mæta á fund hjá eldri borgurum. Væri strax byrjun á því að róa niður fólk og stjórnendur fengju að heyra hvað má bæta. Erum ofan við meðaltal í fjölda eldra borgara. Skil ekki að þeir vilji ekki gera meira fyrir hópinn, nema það séu kosningar. Ætla mér að fara í gröfina án þess að væla utan í þessum ungu mönnum sem þykjast vita allt.



## 5 Umræður og lokaorð

Í inngangi voru settar fram tvær rannsóknarspurningar sem ætlunin er að svara. Þær eru eftirfarandi:

1. Hver eru viðhorf eldri íbúa Fjallabyggðar til þeirrar þjónustu sem veitt er?
2. Hvert er eigið mat íbúa á þörf fyrir frekari þjónustu?

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að eldri íbúar í Fjallabyggð eru almennt ánægðir með þá þjónustu sem þeir eru að fá inn á heimili sínu. Er þá um að ræða heimsendan mat, heimaþjónustu og heimahjúkrun. Af þeim 18 sem fá heimahjúkrun voru 14 mjög ánægðir með hana, hinir fjórir svöruðu ekki spurningunni. Mikill meirihluti (um 80%) var einnig ánægður með heimsendan mat. Um helgar þarf fólk að nálgast matinn sjálf nema þeir sem búa í Skálarhlíð. Nokkurt ójafnræði gildir um greiðslu fyrir matarbakkann eftir því hvort um Siglufjörð eða Ólafsfjörð er að ræða. Á Ólafsfirði kostar matarbakkinn 560 krónur sjö daga vikunnar en á Siglufirði kostar matarbakkinn 700 krónur virka daga og 1200 krónur um helgar að því gefnu að maturinn sé keyptur bæði laugardag og sunnudag. Hann kostar hinsvegar 1500 krónur sé bara um annan daginn að ræða. Enginn þátttakenda nefndi þennan mun á kostnaði í rannsókninni og erfitt að vita hvort ástæðan sé að fólk viti það ekki eða hafi engar athugasemdir.

Þátttaka í dagþjónustunni á Ólafsfirði er mun minni en á Siglufirði. Á Ólafsfirði eru tæplega 19% sem sækja félagstarf aldraðra í Hornbrekku tvisvar í mánuði eða oftar meðan rúmlega 34% Siglufirðinga koma í félagsstarfið í Skálarhlíð tvisvar í mánuði eða oftar. Nokkuð meiri ánægja var með félagsstarfið í Skálarhlíð en í Hornbrekku. Í báðum bæjarkjörnum voru í kringum 50% félagar í Félagi eldri borgara, aðeins hærra hlutfall á Siglufirði en á Ólafsfirði.

Það má því segja að það er í raun ekkert samræmi á milli félagsstarfs aldraðra á Siglufirði og í Ólafsfirði. Fjallabyggð sér bara um dagþjónustu í öðrum byggðarkjarnanum (Siglufirði) og hefur hingað til ekki haft neina aðkomu að félagsstarfi aldraðra á Ólafsfirði. Það kemur jafnframt sterkt fram í svörum þátttakenda á Ólafsfirði að það sé ekkert

samræmi á milli byggðarkjarna og að þeirra sögn engir fjármunir settir í starf aldraða á Ólafsfirði af hálfu sveitarfélagsins. Eins kemur það fram hjá nokkrum að þeir segjast ekki hafa hugmynd um hvað sé í boði í Hornbrekku né hvort þeir séu velkomnir. Þetta eru væntanlega mikilvægar upplýsingar fyrir Fjallabyggð sem þeir geta brugðist við í framhaldi könnunarinnar. Rætt hefur verið um mikilvægi notendasamráðs í þróun og stefnumótun þjónustu og er þessi ákvörðun Fjallabyggðar um að láta gera þessa rannsókn gott dæmi um hvernig er hægt að nálgast alla notendur á ákveðnum aldri til að kanna viðhorf þeirra til þeirrar þjónustu sem er í boði og þörf fyrir frekari þjónustu. Könnunin er í samræmi við nýja samþykkt um stjórn Fjallabyggðar og liður í að stuðla að samráði við íbúa og virku íbúalýðræði (Fjallabyggð, 2013).

Þátttakendur voru spurðir um áhuga á þjónustu eða afþreyingu ef hún væri í boði. Spurt var um áhuga á vatnsleikfimi, boccia, útivist og hreyfingu, tölvunámskeiði, dansi með undirspili, þjónustu fótaaðgerðarfræðings, þjónustu snyrtifræðings og hvort fólk hefði áhuga á að þiggja heitan mat í hádeginu í Skálarhlíð eða á Hornbrekku. Bæði vatnsleikfimi og boccia er í boði á Siglufirði á vegum dagþjónustunnar og því var ekki spurt um það á Siglufirði. Á svörum þátttakenda mátti sjá að áhugi var yfirleitt mun meiri á Ólafsfirði en á Siglufirði að undanskildri þjónustu fótaaðgerðarfræðings. Munurinn var mun meira áberandi hjá körlum en konum á milli byggðarkjarna þar var munurinn mestur þegar spurt var um áhuga á útivist og hreyfingu með hóp en 50% fleiri höfðu áhuga á slíku á Ólafsfirði.

Það á í raun ekki að koma á óvart að meiri áhugi sé á Ólafsfirði fyrir því að boðið sé upp á þjónustu eða afþreyingu. Þessi áhugi virðist endurspegla litla eða enga þátttöku sveitarfélagsins í félagsstarfi aldraða á Ólafsfirði. Ástæðan er einnig eins og kemur fram í svörum fólks að það er færra í boði á Ólafsfirði. Fólk nefndi til dæmis að vatnsleikfimi væri í Ólafsfirði en bærinn niðurgreiddi það ekki á meðan sama þjónusta væri í boði á Siglufirði á vegum dagþjónustunnar í umsjá starfsmanns hennar.

Mikill munur var á ánægju þátttakenda á milli byggðarkjarna. Á Siglufirði voru tæp 88% ánægðir með þjónustuna en tæp 68% á Ólafsfirði. Svipaður munur var þegar spurt var hversu mikil þörf væri á að auka þjónustuna í Fjallabyggð. Tæp 51% fannst mjög eða frekar mikil þörf á því á Siglufirði en rúm 73% á Ólafsfirði. Eins var spurt um hvort þörf

væri á öldungarráði í Fjallabyggð og þar munaði aftur um 20% hjá þeim sem töldu mjög eða frekar mikla þörf á slíku ráði. Öldungaráð er skipað 3-5 kjörnum fulltrúum og hlutverk þess væri að meðal annars að koma að skipulagi félagsstarfs aldraðra og efla samskipti og samvinnu milli eldra fólks í Fjallabyggð. Voru tæp 85% þátttakenda á Ólafsfirði sem töldu þörf á því. Hér kemur enn og aftur í ljós að mun minni ánægja er á Ólafsfirði en á Siglufirði með þá þjónustu sem veitt er í Fjallabyggð. Af þessu má draga þá ályktun að huga þurfi að jafnræði þegar sveitarfélög eru sameinuð og að þjónustunni sé dreift á fleiri en einn byggðarkjarna.

Huga þarf að því að málefni aldraðra verða fljótlega flutt frá ríki til sveitarfélaga og þurfa bæjaryfirvöld í Fjallabyggð að huga að því meðan þau vinna að stefnumótun í málefnum aldraðra. Telur undirritaður að margt sem kom fram í máli íbúa megi nýta til þess að bæta þjónustuna og jafnframt undirbúa það að málefni aldraðra verði öll á þeirra hendi. Það má heldur ekki gleymast að öldrun spannar í dag frá 67 ára aldri og upp í 100 og yfir í nokkrum tilfellum. Sá elsti í Fjallabyggð sem rætt var við var 97 ára gamall og viðkomandi búinn að vera eldri borgari í 30 ár. Viðhorf íbúa til sjálfs sín og til þess hvað það er að vera gamall eru mjög mismunandi eins og fram kemur í kenningu Birren um áhrif öldrunar (Jón Björnsson, 1996). Þarfirnar og þjónustan sem þarf að veita slíkum hópi er því mjög fjölbætt. Telur rannsakandi að til að mæta þessum breiða aldurshópi skipti notendasamráð miklu máli. Með samráði komi inn frekari þekking og sátt.

Mjög ánægjulegt var að fá tækifæri til að vinna þessa rannsókn, sérstaklega þegar horft er til þess að markmið Fjallabyggðar er að nýta niðurstöðurnar til frekari stefnumótunar í málefnum eldra fólks í Fjallabyggð. Rannsóknin er þeirra framlag til notendasamráðs, það er að með þátttöku sinni getur fólk haft áhrif á þá þjónustu sem þeir óska eftir og hafa þörf fyrir. Hér er því um mjög jákvætt framtak af hálfu bæjaryfirvalda þar sem þeir leita eftir viðhorfum íbúa til þjónustunnar og hvernig hana megi bæta.



## Heimildaskrá

- Erla Karlsdóttir, Elísabet Karlsdóttir og Halldór S. Guðmundsson. (2012). *Könnun meðal eldra fólks í Sveitarfélaginu Vogum*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Fjallabyggð. (2013, 9. október). Samþykkt um stjórn Fjallabyggðar. Sótt 15. desember 2013 af [http://www.fjallabyggd.is/static/files/Samthykkt\\_um\\_stjorn\\_Fjallabyggdar\\_09\\_10\\_2013.pdf](http://www.fjallabyggd.is/static/files/Samthykkt_um_stjorn_Fjallabyggdar_09_10_2013.pdf)
- Fjallabyggð. (e.d.). Fjallabyggð. Sótt 30. nóvember 2013 af <http://www.fjallabyggd.is/is/fjallabyggd>
- Fjallabyggð - Dagþjónusta aldraðra. (e.d.-a). Upplýsingar. *Dagþjónusta aldraðra*. Sótt 12. nóvember 2013 af <http://dag.fjallabyggd.is/is/upplýsingar>
- Hafdís Jónsdóttir. (2011, 10. mars). *62. fundur Bæjarstjórnar Fjallabyggðar*. Sótt 14. desember 2013 af <http://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/fundargerdir/view/09.03.2011-baejarstjorn>
- Hafdís Jónsdóttir. (2013, 26. ágúst). *74. fundur Félagsmálanefndar Fjallabyggðar*. Sótt 14. desember 2013 af <http://www.fjallabyggd.is/is/stjornsysla/fundargerdir/view/22.08.2013-felagsmalanefnd>
- Jón Björnsson. (1996). Hvað er öldrun? Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Árin eftir sextugt* (bls. 37–57). Reykjavík: Forlagið.
- Styrmir Magnússon. (2013, desember). Viðhorf íbúa 70 ára og eldri til þjónustu Fjallabyggðar (Meistaraprófsritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið, Reykjavík. Sótt 9. febrúar 2014 af <http://hdl.handle.net/1946/17204>
- Svanhildur Inga Ólafsdóttir. (2011, júní). *Félagsleg þjónusta í Sveitarfélaginu Árborg. Viðhorf eldri borgara til þjónustunnar* (BA ritgerð). Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið, Reykjavík. Sótt 5. desember 2013 af <http://hdl.handle.net/1946/8103>



## Viðauki A

1. Býrðu á Ólafsfirði eða Siglufirði
  1. Ólafsfirði
  2. Siglufirði
2. Færð þú sendan hádegismat heim frá Fjallabyggð?
  1. Já
  2. Nei
  3. Ég vissi ekki að það væri í boði.
3. **(Ef já)** Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með matarþjónustu?
  1. Mjög ánægð/ur
  2. Frekar ánægð/ur
  3. Hvorki né
  4. Frekar óánægð/ur
  5. Mjög óánægð/ur
  6. Athugið. Ef viðmælandi hefur athugasemdir varðandi matinn sjálfan, þá skrifa hér.
4. **(Ef nei við sp. 2)** Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að nýta þér þjónustuna að fá sendan heitan mat heim í hádeginu?
  - 1 Mjög mikinn
  - 2 Frekar mikinn
  - 3 Hvorki né
  - 4 Frekar lítinn
  - 5 Mjög lítinn
5. **(Ef nei við sp. 2)** Myndir þú nýta þér að fá heimsendan mat um helgar ef það stæði til boða?
  1. Já
  2. Nei
6. Færð þú heimaþjónustu á vegum Fjallabyggðar?
  1. Já
  2. Nei
7. **(Ef já)** Hversu oft að jafnaði færð þú heimaþjónustu á vegum Fjallabyggðar?
  1. Aldrei
  2. Hálfsmánaðarlega eða sjaldnar
  3. Vikulega
  4. 2-4 sinnum í viku
  5. Alla virka daga
8. **(Ef já)** Hvað er innifalið í þeirri heimaþjónustu sem þú færð?

1. Þrif
  2. Þrif og þvottar
  3. Þrif og innkaup
  4. Þrif, þvottar og innlit
  5. Þrif og aðstoð við athafnir daglegs lífs, s.s. aðstoð á matmálstíma eða aðstoð við að klæðast
  6. Önnur samsetning þjónustu.
  7. Hvaða? \_\_\_\_\_
9. **(Ef já)** Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá heimaþjónustu sem þú færð frá Fjallabyggð?
1. Mjög ánægð/ur
  2. Frekar ánægð/ur
  3. Hvorki né
  4. Frekar óánægð/ur
  5. Mjög óánægð/ur
10. **(Ef nei)** Hversu mikla eða litla þörf telur þú þig hafa fyrir heimaþjónustu?
1. Mjög litla
  2. Frekar litla
  3. Hvorki né
  4. Frekar mikla
  5. Mjög mikla
11. **(Ef Ólafsfjörður)** Hversu vel eða illa þekkir þú Hornbrekku þar sem hluti af félagsstarfi aldraðra í Fjallabyggð fer fram?
1. Mjög vel
  2. Frekar vel
  3. Hvorki né
  4. Frekar illa
  5. Mjög illa
12. **(Ef Siglufjörður)** Hversu vel eða illa þekkir þú Skálarhlíð þar sem félagsstarf aldraðra í Fjallabyggð fer fram?
1. Mjög vel
  2. Frekar vel
  3. Hvorki né
  4. Frekar illa
  5. Mjög illa
  6. Ég bý þar.



13. **(Ef Ólafsfjörður)** Hversu oft sækir þú félagsstarf eldra fólks í Hornbrekku?
1. Daglega
  2. Nokkrum sinnum í viku
  3. Einu sinni í viku
  4. 2-3 í mánuði
  5. Einu sinni í mánuði
  6. Sjaldnar
  7. Aldrei
14. **(Ólafsfjörður - Ef viðkomandi tekur þátt)** Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með félagsstarf fyrir eldra fólk í Hornbrekku?
1. Mjög ánægð/ur
  2. Frekar ánægð/ur
  3. Hvorki né
  4. Frekar óánægð/ur
  5. Mjög óánægð/ur
  6. Þekki ekki félagsstarfið í Hornbrekku
15. **(Ef Siglufjörður)** Hversu oft sækir þú félagsstarf eldra fólks í Skálarhlíð?
1. Daglega
  2. Nokkrum sinnum í viku
  3. Einu sinni í viku
  4. 2-3 í mánuði
  5. Einu sinni í mánuði
  6. Sjaldnar
  7. Aldrei
16. **(Siglufjörður - Ef viðkomandi tekur þátt)** Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með félagsstarf fyrir eldra fólk í Skálarhlíð?
1. Mjög ánægð/ur
  2. Frekar ánægð/ur
  3. Hvorki né
  4. Frekar óánægð/ur
  5. Mjög óánægð/ur
  6. Þekki ekki félagsstarfið í Skálarhlíð
17. **(Allir)** Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefðir þú á að sækja eftirfarandi tómstundastarf eða afþreyingu, ef það væri í boði reglulega?
- a) Vatnsleikfimi í umsjá íþróttakennara eða annars starfsmanns **(Ólafsfjörður)**
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn

- b) Boccia iðkun (**Ólafsfjörður**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
- c) Útivist og hreyfing (**Allir**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
- d) Tölvunámskeið (**Allir**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
- e) Dans með undirspili (**Allir**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
- f) Þjónusta fótaaðgerðarfræðings gegn gjaldi (**Allir**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
- g) Þjónusta snyrtifræðings gegn gjaldi (**Allir**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn

- h) Fá heitan mat í hádegi á virkum dögum í Skálarhlíð/Hornbrekku gegn gjaldi (**Allir**)
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
18. Vissir þú að boðið er upp á akstursþjónustu í tengslum við félagsstarf aldraðra í Fjallabyggð?
1. Já
  2. Nei
19. (**Ef Ólafsfjörður**) Telur þú að þessi akstursþjónusta gæti orðið til þess að þú mætir frekar í félagsstarf aldraðra í Hornbrekku en þú gerir í dag?
1. Mjög líklegt
  2. Frekar líklegt
  3. Hvorki né
  4. Frekar ólíklegt
  5. Mjög ólíklegt
20. (**Ef Siglufjörður**) Telur þú að þessi akstursþjónust gæti orðið til þess að þú mætir frekar í félagsstarf aldraðra í Skálarhlíð en þú gerir í dag?
1. Mjög líklegt
  2. Frekar líklegt
  3. Hvorki né
  4. Frekar ólíklegt
  5. Mjög ólíklegt
21. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um hvernig sveitarfélagið Fjallabyggð getur bætt félagsstarf aldraðra í Hornbrekku/Skálarhlíð?
- 
22. Ert þú félagsmaður í Félagi eldri eldri borgara í Ólafsfirði/Siglufirði?
1. Já
  2. Nei
23. (**Ef já**) Hvaða starf Félags eldri borgara sækir þú?
1. Opið svar \_\_\_\_\_
24. (**Ef eitthvað, spyrja**) Hversu oft að jafnaði sækir þú starf Félags eldri borgara
1. Daglega
  2. Nokkrum sinnum í viku
  3. Einu sinni í viku
  4. 2-3 í mánuði
  5. Einu sinni í mánuði

6. Sjaldnar
25. Telur þú að það sé mikil eða lítil þörf fyrir öldungaráð í Fjallabyggð? Hlutverk öldungaráðs væri meðal annars að taka þátt í skipulagi á félagsstarfi eldra fólks í Fjallabyggð og efla samskipti og samvinnu á milli eldra fólks í Fjallabyggð. Í ráðinu myndu sitja 3-5 kjörnir fulltrúar eldri borgara.
1. Mjög mikil
  2. Frekar mikil
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítil
  5. Mjög lítil
26. Færð þú heimahjúkrun á daginn, á kvöldin eða um helgar? **(Haka við allt sem á við)**
1. Já, á daginn.
  2. Já, á kvöldin.
  3. Já, um helgar.
  4. Nei
27. **(Ef já)** Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá heimahjúkrun sem þú færð?
1. Mjög ánægð/ur
  2. Frekar ánægð/ur
  3. Hvorki né
  4. Frekar óánægð/ur
  5. Mjög óánægð/ur
28. **(Ef nei)** Telur þú þig þurfa á heimahjúkrun að halda á daginn, kvöldin eða um helgar? **(Haka við allt sem á við)**
1. Já, á daginn.
  2. Já, á kvöldin eða um helgar.
  3. Já, á daginn og kvöldin eða um helgar.
  4. Nei.
29. Ert þú með öryggishnapp þar sem þú býrð?
- Já
  - Nei
  - Þekki ekki öryggishnapp.
30. Hversu vel eða illa hentar húsnæðið sem þú býrð í í dag?
1. Mjög vel
  2. Frekar vel
  3. Hvorki né
  4. Frekar illa
  5. Mjög illa

31. Áformar þú að skipta um húsnæði á næstu 12 mánuðum?
1. Já
  2. Nei
32. **(Ef Siglufjörður)** Hversu vel eða illa þekkir þú íbúðir í Skálarhlíð?
1. Mjög vel
  2. Frekar vel
  3. Hvorki né
  4. Frekar illa
  5. Mjög illa
33. **(Ef já v. sp. 31)** Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að flytja í íbúð í Skálarhlíð á næstu 12 mánuðum?
1. Mjög mikinn
  2. Frekar mikinn
  3. Hvorki né
  4. Frekar lítinn
  5. Mjög lítinn
34. **(Ef frekar/mjög lítinn)** Hver er ástæðan fyrir því að þú hefur lítinn áhuga á að flytja í íbúð í Skálarhlíð á næstu 12 mánuðum?
1. Opið svar.
35. Hefur þú áhuga á að sækja um leiguíbúð á vegum Fjallabyggðar?
1. Já
  2. Nei
36. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi húsnæðismál eldra fólks í Fjallabyggð?
1. Opið svar.
- 
37. Hvernig kemst þú ferða þinna?
1. Akstur á vegum Skálarhlíðar/Hornbrekku
  2. Í eigin bíl
  3. Með barni/börnum
  4. Gangandi
  5. Með vinum/ættingjum
  6. Annað

38. Hversu oft að jafnaði koma börn, ættingjar og vinir í heimsókn eða þú ferð í heimsókn til þeirra?
- Daglega eða oftar
  - Nokkrum sinnum í viku
  - Einu sinni í viku
  - 2-3 í mánuði
  - Einu sinni í mánuði
  - Sjaldnar/Aldrei
39. Hversu oft ertu í símasambandi við börn, ættingja og vini?
1. Daglega eða oftar
  2. Nokkrum sinnum í viku
  3. Einu sinni í viku
  4. 2-3 í mánuði
  5. Einu sinni í mánuði
  6. Sjaldnar/Aldrei
40. Eyðir þú meiri tíma, minni tíma eða jafnlöngum tíma ein(n) og þú vildir?
- Miklu meiri tíma
  - Nokkru meiri tíma
  - Jafnlöngum
  - Nokkru minni tíma
  - Miklu minni tíma
41. Nýtur þú stuðnings ættingja eða vina við athafnir daglegs lífs (kemur ættingi eða vinur að aðstoða)?
1. Já
  2. Nei
42. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þá þjónustu sem Fjallabyggð veitir eldra fólki?
1. Mjög ánægð/ur
  2. Frekar ánægð/ur
  3. Hvorki né
  4. Frekar óánægð/ur
  5. Mjög óánægð/ur
43. Hversu mikla eða litla þörf telur þú vera á því að auka þjónustu Fjallabyggðar við eldra fólk?
1. Mjög mikla þörf
  2. Frekar mikla þörf
  3. Hvorki né
  4. Frekar litla þörf
  5. Mjög litla þörf

44. Hvaða þjónustu viltu að sveitarfélagið auki við eldra fólk? **(Valmöguleikar ekki lesnir upp, en hakað við allt sem er talið upp)**

1. aðstoð við snjómokstur
2. aðstoð við viðhald húsnæðis
3. aðstoð við umhirðu lóðar
4. heimsendingu matarbakka
5. aukin heimilisaðstoð
6. skipulagðar hópferðir
7. meiri fjölbreytni í félagsstarfi eldri borgara
8. Annað, hvað: \_\_\_\_\_

**Bakgrunnsspurningar (aftast), kynning á þeim:** Að lokum vil ég spyrja nokkurra spurninga sem tengjast meðal annars búsetu, tekjum og fleiru.

45. Kyn:

1. Karl
2. Kona

46. Hvað ertu gamall/gömul?

1. \_\_\_\_\_ ára

47. Hver er hjúskaparstaða þín?

1. Gift(ur) eða í sambúð
2. Ekkja eða ekill
3. Ógift og ekki í sambúð

48. Hversu margir búa á heimilinu, að þér meðtaldri/-töldum?

1. Einn
2. Tveir
3. Þrír eða fleiri

49. Hversu háar eru ráðstöfunartekjur heimilisins að jafnaði á mánuði?

1. \_\_\_\_\_

50. Myndir þú segja að heilsufar þitt sé almennt gott eða slæmt?

1. Mjög gott
2. Frekar gott
3. Hvorki né
4. Frekar slæmt
5. Mjög slæmt

51. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða íbúð í eigu Fjallabyggðar?

1. Eigin húsnæði
2. Leiguhúsnæði
3. Þjónustuíbúð í eigu Fjallabyggðar

4. Hjá börnum
52. Er eitthvað að lokum sem þú vildir koma á framfæri?
  1. Hækka ellilífeyrinn/bætur
  2. Laga skattamálin (lækka,hækka skattleysismörk,ekki tvískatta)
  3. Bæta kjör aldraðra/gera betur við aldraða
  4. Bæta húsnæðismál/dvalarheimili/hjúkrunarheimili aldraðra
  5. Óánægja með tekjuskerðingar/tekjutengingar
  6. Óánægja með stjórnámamenn/hið opinbera
  7. Ánægð(ur) með lífið/líður vel
  8. Hlúa betur að einstæðum/einmana eldri borgurum
  9. Að eldri borgurum sé sýnd virðing/tillitsemi
  10. Að hlúa betur að eldri borgurum
  11. Eldri borgarar eiga að eiga fulltrúa/umboðsmann á Alþingi/fara í framboð
  12. Betri/meiri heimaþjónustu
  13. Að eldri borgarar fái að vinna lengur
  14. Meira gert félagslegt fyrir eldri borgara
  15. Eldri borgarar kvarta of mikið/eiga að hætta að kvarta
  16. Ekki skattleggja tekjur frá tryggingum og lífeyrissjóðum
  17. Gera fólki kleift að búa lengur heima
  18. Betri þjónustu (akstur, betri mat)
  19. Bæta heilbrigðisþjónustu við aldraða
  20. Þingmenn eiga að standa við loforð
  21. Lækka matinn
  22. Illa farið með eldri borgara
  23. Ánægja með könnunina/umræðu um mál aldraðra
  24. Von um að eldri borgarar hafi það gott
  25. Eldri borgarar séu metnir að verðleikum
  26. Lækka lyfjakostnað
  27. Vantar ráðgjöf um fjármál
  28. Óánægja með há gjöld
  29. Er að verða of mikið bil milli aldurshópa
  30. Annað nefnt



## Viðauki B



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ  
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Ágæti viðtakandi.

Í október verður gerð könnun á viðhorfum eldra fólks í Fjallabyggð til þjónustu. Rannsóknin er unnin í samstarfi Fjallabyggðar og Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Háskóla Íslands. Ábyrgðaraðili er Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri RBF. Styrmir Magnússon, MA nemi í félagsráðgjöf mun vinna könnunina, undir leiðsögn Guðnýjar Bjarkar Eydal prófessors í félagsráðgjöf.

Hringt verður í alla íbúa 70 ára og eldri sem búa í sjálfstæðri búsetu í Fjallabyggð og leitað eftir þátttöku þeirra í könnunni. Spurt verður um viðhorf til þjónustu sem er í boði og þörf fyrir frekari þjónustu. Niðurstöður verða birtar í MA ritgerð Styrmis Magnússonar. Áformað er að nýta niðurstöðurnar við stefnumótun í Fjallabyggð.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar. Ekki verður hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda og öllum gögnum verður eytt að úrvinnslu lokinni. Þátttaka hvers og eins er mikilvæg en það skal tekið fram að þér ber ekki skylda til þess að taka þátt og er frjálst að hætta þátttöku á hvaða stigi könnunarinnar sem er. Hafir þú spurningar um könnunina, er þér velkomið að hafa samband við Elísabetu (í síma 525-5200 eða rbf@hi.is).

Reykjavík 13. október 2013

Styrmir Magnússon      Elísabet Karlsdóttir      Guðný Björk Eydal  
Styrmir Magnússon      Elísabet Karlsdóttir      Guðný Björk Eydal  
MA nemi í félagsráðgjöf      framkvæmdastjóri RBF      prófessor Félagsráðgjafardeild HÍ



RANNSÓKNASTOFNUN Í  
BARNNA- OG FJÖLSKYLDUVERND

Gimli, Sæmundargötu 10, 101 Reykjavík

[rbf@hi.is](mailto:rbf@hi.is)

[www.rbf.is](http://www.rbf.is)